

Fundur í Betadeild haldinn í Glerárskóla á Akureyri

6. október 2015

Mættar voru 17 konur

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund og María Gunnars kveikti á kertunum. Björk flutti síðan kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Orð til umhugsunar

Herdís Friðfinnsdóttir flutti orð til umhugsunar og talaði um markþjálfun, sem er þjálfun hugans. Tekist er á við samvinnu milli tveggja einstaklinga, styrkleika og veikleika, hindranir og áskoranir. Unnið með ADHD og ADD. Byggist mikið á jákvæðni, láta ljós sitt skína, vilji, vit og víska.

3. Fundargerð síðasta fundar

Ragnheiður Sig. ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með smá breytingu.

4. Erindi frá stjórn

Björk formaður sagði frá síðasta framkvæmdaráðsfundi og nefndi sérstaklega að þar hefði verið mjög góður andi. Þá vakti hún athygli á því að í samtökunum eru flestar konur frá Íslandi miðað við hin Norðurlöndin. Hún hvatti konur til að sækja um styrki sem í boði eru í sambandi við mastersnám, námsleyfi, námskeið o.fl.

DKG er fjörutíu ára á þessu ári og verður haldið upp á það í Reykjavík 7. nóv. nk. Björk las upp bréf um þetta, en þemað verður „íslenska nútímakonan“, síðan verður móttaka og hátíðarkvöldverður. Hún hvatti konur til að fjölmenna og bóka sig.

Þá ræddi Björk um dag kennara sem er 5. október og sagði að fyrirvarinn hefði verið of stuttur til að gera eitthvað, en stefnan verður tekin á næsta ár.

Ákveðið var að sú sem vinnur á þeim stað sem fundir eru haldnir hverju sinni beri ábyrgð á því að fá leyfi fyrir fundarhaldi og kaffi.

Þá auglýsti Björk eftir húsnaði fyrir bókafundinn sem haldinn verður 11. janúar 2016. Erna Gunnars. bauð fram sitt hús og var því fagnað með lófaklappi.

5. Önnur mál

Margrét Kristín sýndi alþjóðlegan vörulista DKG og bað konur um að hver panti fyrir sig, þær geti einnig sameinast. Ákveðið að Sigrún endurskoði og skrifi undir reikninga

hjá Margréti. Þá var einnig ákveðið að á næsta fundi yrði rætt og athugað með næsta landssambandsþing sem verður á Akureyri.

6. Gestur kvöldsins

Gestur kvöldsins var Gígja Kjartansdóttir Kvam sem fræddi okkur um fyrirtæki sitt Urtasmiðjuna, en það framleiðir snyrtivörur úr íslenskum jurtum. Það eru um 25 ár síðan hún byrjaði og eru nú um 20 – 25 tegundir sem hún framleiðir. Hún sagði að amma hennar og mamma hefðu mikið spáð í grös og jurtir ýmiskonar og hún hefði verið alin upp í þeim anda. Þær notuðu t.d. fjallagrös í ýmsa matargerð því í þeim er rotvarnarefni. Síðan þegar hún fór að prófa sjálf að gera smyrsl varð henni hugsað til þeirra og hvað þær hefðu gert. Helstu tegundir sem hún notar eru vallhumall, rauðsmári og gulgumra. Hún sagði okkur frá ýmsu og var þetta mjög áhugavert og skemmtilegt hjá henni. Hún gaf okkur öllum krukku af varaáburði, mjög fínum. Björk þakkaði henni vel og færði henni rauða rós.

7. Kaffi

Þá var drukkið kaffi og meðlæti á kennarastofunni og var það glæsilegt hjá kaffinefndinni að vanda. Konur spjölluðu áfram við Gígju og gátu pantað hjá henni vörur. Þyngjan góða var látin ganga. Happraettisvinninginn fékk Margrét Kristín.

8. Fundi slitið

Fundi var slitið kl. 21:30

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari